

Persónuvernd vísar til tölvubrúfs Alþingis sem stofnuninni barst í dag. Í viðhengi með því er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (pskj. 320. 166. mál á 137. löggjafarþingi). Í tölvubrúfinu er óskað umsagnar Persónuverndar um frumvarpið.

1.

Ef frumvarpið verður að lögum verður heimilt að krefjast kyrrsetningar eigna (sbr. lög nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.) vegna tiltekinnna mál sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Nánar tiltekið er um að ræða mál þar sem grunur leikur á um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laganna. Krafa um kyrrsetningu myndi lúta að eignum skattaðila og annarra þeirra sem grunaðir eru um slíka háttsemi og yrði kyrrsetningin til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í viðkomandi máli.

Ætla má að á meðal eigna, sem heimilt yrði að kyrrsetja, gætu verið gögn með persónuupplýsingum, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það fellur því undir starfssvið Persónuverndar að fjalla um umrætt frumvarp, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laganna.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins myndu ákvæði um framangreint bætast við 103. gr. laga nr. 90/2003. Verði frumvarpið að lögum mun verða tekið fram í 9. mgr. þeirrar greinar (2. mgr. þeirrar viðbótar við þá grein sem lögð er til) að tollstjóri annist rekstur mála vegna slíkrar kyrrsetningar sem hér um ræðir. Honum sé heimill aðgangur að hvers konar upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 94. gr., og snerta ráðstafanir samkvæmt 103. gr.

Í 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003 segir að öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, sé skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað sé, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem þau beiðast og unnt sé að láta þeim í té. Framangreint ákvæði frumvarpsins um aðgang tollstjóra að upplýsingum lýtur að því að tollstjóri fái heimild sem þessa þegar hann rekur kyrrsetningarmál vegna skattrannsóknarmála slíkra sem hér um ræðir.

2.

Gæta verður þess, þegar stjórnvöldum eru veittar heimildir til öflunar gagna um borgarana án samþykkis þeirra, að fyrir slíkum heimildum séu brýnar ástæður. Þegar um ræðir persónuupplýsingar verður að huga að 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. þeirrar greinar er mælt fyrir um grunnregluna um friðhelgi einkalífs. Samkvæmt 2. mgr. má ekki rannsaka skjöl og póstsendingar, símtöl og önnur fjarskipti nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Þá segir í 3. mgr. 71. gr. að með sérstakri lagaheimild megi takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Að því marki sem þær upplýsingar, sem frumvarpið lítur að, falla undir grunnregluna um friðhelgi einkalífs verður að telja byggt á því frumvarpinu að ákvæði um umræddan aðgang eigi stoð í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Mikilvægt er þegar svigrúm samkvæmt þeim ákvæðum er nýtt að gætt sé meðalhófs. Í ljósi þess leggur Persónuvernd til að í ákvæði um umræddan aðgang tollstjóra verði fyrirvari um nauðsyn gagnaöflunar með sama hætti og í 1. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003. Í stað orðanna "hvers konar upplýsingum og gögnum" í tillögu frumvarpsins að 2. másl. 9. mgr. 109. gr. laganna gæti þá staðið: "öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum".

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson
lögfræðingur hjá Persónuvernd